

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Lækjargötu-Hamars, Lækjargata 10.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 10. mars 2010 breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu-Hamars vegna Lækjargötu 10. Breytingin felst í að heimilt verður að byggja sólpall á lóðinni og háa skjólgirðingu við lóðamörk að Lækjargötu 6 ásamt tröppum við dreifistöð. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 29. mars 2010,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2010